



Ytra mat

Leikskólinn Laufásborg

Úttekt þessi er unnin á vegum Menntamálastofnunar –
fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Höfundar: Guðrún Samúelsdóttir og Inga Dóra Jónsdóttir
© Menntamálastofnun, 2022
ISBN 978-9979-0-2756-0

Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna	5
Inngangur	7
Markmið og tilgangur	7
Gagnaöflun	7
Leikskólinn og umhverfi hans	9
Húsnæði og útileiksvæði	9
Starfsmenn.	10
Hugmyndafræði og áherslur	10
Stjórnun	12
Stjórnskipulag og skipurit.	12
Námskrá og áætlanir	12
Stjórnun og starfsmenn	12
Fagleg forysta	13
Starfsandi og starfsánægja	13
Uppeldis- og menntastarf	15
Námsaðstæður	15
Starfshættir	15
Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	16
Námssvið.	17
Velferð og líðan barna.	17
Mat á námi og velferð barna	18
Foreldrasamvinna og ytri tengsl	19
Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun	19
Viðhorf foreldra	20
Samstarf við grunnskóla	20
Annað samstarf	20
Skóli án aðgreiningar	22
Skólaþjónusta og sérkennsla	22
Börn með annað móðurmál en íslensku	22
Innra mat	24
Skipulag og viðfangsefni	24
Gagnaöflun og vinnubrögð	24
Opinber birting og umbætur	24
Samantekt matsþátta.	26
Samantekt.	27
Lokaorð	30
Heimildir.	31

Samantekt niðurstaðna

Þessi samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er einungis hluti af því sem fram kemur í lok hvers kafla í skýrslunni. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem settar eru fram í skýrslunni en eru ekki nefndar hér.

Leikskólinn og umhverfi hans

Leikskólinn Laufásborg er fjöggra kjarna leikskóli, staðsettur í miðbæ Reykjavíkur. Rekstraraðili er Hjallastefnan ehf. samkvæmt þjónustusamningi við Reykjavíkurborg. Leikskólinn vinnur eftir Hjallastefnunni og Aðalnámskrá leikskóla frá 2011. Leikskólastýra segir einkunnarorð leikskólans vera jafnrétti, lýðræði og sköpun en í rýnivíðtölum kannaðist starfsfólk ekki við þessi einkunnarorð.

Stefna leikskólans er mjög sýnileg í starfi skólans og er mikil ánægja með stefnuna af hálfu starfsfólks og foreldra. Góð hljóðvist er í leikskólanum og er húsið vel nýtt með þarfir barnahópsins í huga. Útleiksvæði býður upp á fjölbreytt tækifæri til náms og leiks. Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga hvað varðar að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna teljist til stöðugilda kennara og þarf að leita leiða til að bæta úr því.

Stjórnun – Skólabragur og samskipti

Leikskólstýra hefur stjórnað leikskólanum Laufásborg síðan 2006 er Hjallastefnan ehf. tók við rekstri hans. Ekki er starfandi aðstoðarleikskólastjóri eða stjórnendateymi við leikskólann en hópstjórar eru ábyrgir fyrir sínum barnahópi. Starfsþróunarsamtöl eru tekin eftir þörfum bæði starfsfólks og leikskóla. Starfsfólk segist fara reglulega í starfsþróunarsamtal. Skólabragur er góður og einkennist af trausti, virðingu og gleði. Mikill stöðugleiki er í starfsmannahaldi. Foreldrar eru ánægðir með stefnu og starf leikskólans ásamt kærleiksriku viðmóti leikskólastýru og kennara og upplifa góðan starfsanda og upplýsingaflæði. Komið er að endurskoðun á skólanámskrá og við þá vinnu þarf að fylgja betur áherslum aðalnámskrár. Starfsáætlun og skóladagatal er til og aðgengilegt á heimasíðu leikskólans ásamt skólanámskrá. Starfsmannahandbók og símenntunaráætlun eru til staðar og aðgengilegar starfsfólki.

Uppeldis- og menntastarf – Velferð og líðan barna – Mat á námi og velferð barna

Unnið er samkvæmt hugmyndafræði Hjallastefnunar og er það sýnilegt í öllu umhverfinu. Dagskipulag skiptist í val og hópastarf. Starfsfólk er ánægt með stefnuna og segir að það sé gott að vinna eftir henni. Námskrá Hjallastefnunar felst í svokölluðum meginreglum og kynjanámskrá svo og skráðum verkferlum í skólastarfinu. Allt starfsfólk ber sameiginlega ábyrgð á uppeldisstarfi leikskólans.

Börnunum er skipt í hópa eftir aldri og kyni, hver starfsmaður hefur sinn hóp og ber ábyrgð á börnunum og starfi hópsins. Í skólanámskrá leikskólans er fjallað um hvernig unnið er að grunnþáttum menntunar og námssviðum aðalnámskrár og í hópastarfi er þess gætt að unnið sé með alla þessa þætti. Lýðræðisleg þátttaka barnanna birtist í vali sem er fjórum sinnum á dag en þá velja börnin sér svæði. Einnig kom fram að börnin geti haft áhrif á viðfangsefni í hópastarfi. Leikskólinn hefur lagt áherslu á skákkennslu. Andrúmsloft í leikskólanum er afslappað og einkennist af gagnkvæmri virðingu, skilningi og trausti á milli aðila. Börnin eru glöð og þeim líður vel. Starfsfólk leggur sig fram um að eiga jákvæð og uppbyggileg samskipti við börnin. Umhverfi leikskólans er notað til vettvangsferða og listasöfnu eru heimsótt. Í vettvangsathugun sást að börnin hafa tækifæri til og eru dugleg við að nota eigið hugmyndaflug og sköpun í leik.

Foreldrasamvinna¹ og ytri tengsl

Viðhorf foreldra til leikskólans er mjög gott. Þeir eru jákvæðir í ummælum sínum um starfsfólk og telja að starfsandi sé góður. Foreldrar upplifa einnig mikinn metnað og samstöðu hjá starfsfólkinu og að þeim og börnunum sé mætt af miklum kærleika og hlýju. Þeir segjast vera öruggir með börnin í

1 Í þessari skýrslu er orðið foreldri notað jafnt um foreldra sem og forsjáraðila.

skólanum og telja að börnunum líði vel. Mikið og gott upplýsingastreymi er til foreldra og eru foreldrar ánægðir með upplýsingarnar sem þeir fá. Meðal annars sendir leikskólastýra reglulega tölvupósta með fræðslu, örnámskeiðum og öðru er tengist uppeldi barna. Starfsfólk leggur sig fram um að koma til móts við foreldra hvað þjónustu varðar samanber áskrift að vettlingum og ullarsokkum. Foreldrafélag er virkt og styður það vel við starf leikskólans. Foreldraráð er starfandi en það hefur ekki sett sér verklagsreglur og fundargerðir eru ekki skráðar.

Skóli án aðgreiningar

Sérkennslustjóri er starfandi við leikskólann. Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir börn með sérþarfir og teymi skipuð í kringum þau. Stefna leikskólans er að vinna sem mest með sérkennslubörnin inni á kjarna og í sínum hópum en unnið er einstaklingslega ef þörf krefur. Allt starfsfólk skólans fær upplýsingar og fræðslu um börn með sérþarfir eins og við á. Verkferlar, ef upp kemur grunur um þroskafrávik hjá barni, ættu að vera skriflegir og öllum aðgengilegir. Til er móttökuáætlun fyrir börn með annað móðurmál en íslensku. Góð aðstaða er til sérkennslu í leikskólanum.

Innra mat

Innra mat á starfsháttum fer reglulega fram í Laufásborg, meðal annars með ýmsum gátlistum frá Hjallastefnunni. Matið er kerfisbundið, er eins frá ári til árs, og er það samofið daglegu leikskólastarfi. Að sögn leikskólastýru og starfsfólks fer reglulega fram mat á hópastarfi og hvort það nái til allra þátta varðandi námssvið og grunnþætti menntunar samkvæmt aðalnámskrá. Einnig er val barna skráð og skoðað mánaðarlega. Fyllt er inn í þar til gerða gátlista fyrir foreldraviðtöl. Innra matið er að nokkru leyti hluti af kerfisbundnu innra eftirliti Hjallastefnunnar sem samanstendur af spurningakönnun fyrir foreldra og starfsfólk, athugun á lögbundnum gögnum skólans og rekstrarskoðun útisvæðis. Tryggja ætti að raddir barna heyrist í innra mati á leikskólastarfinu. Í starfsáætlun Laufásborgar 2021–2022 er annars vegar fjallað um niðurstöður innra mats og umbótaáætlun leikskólans og hins vegar niðurstöður mats og umbótaáætlun rekstaraðila.

Inngangur

Í þessari matskýrslu er fjallað um ytra mat á leikskólanum Laufásborg. Matið er gert á grundvelli 17. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Matið var framkvæmt af Guðrúnu Samúelsdóttur og Ingu Dóru Jónsdóttur og fór fram á vettvangi 28. febrúar–3. mars 2022. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Teknir voru fyrir eftirfarandi matsþættir: leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, skólabragur og samskipti, foreldrasamstarf og ytri tengsl, skólaþjónusta og sérkennsla og innra mat.

Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum er samkvæmt 17. grein laga um leikskóla nr. 90/2008:

1. að veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsmanna leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
2. að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.
3. að auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
4. að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.²

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og sérstök áhersla lögð á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun leikskóla, styðja við leikskólastjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi, hvetja kennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera leikskólum hvati til frekari skólaþróunar. Grundvöllur ytra mats eru leiðbeiningar mennta- og barnamálaráðuneytis um ytra mat leikskóla. Við matið eru notuð viðmið um gæðastarf á leikskólum, sem unnin hafa verið upp úr viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs Reykjavíkurborgar. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um leikskólastarf og aðalnámskrá leikskóla og eru áherslur Kennarasambands Íslands hafðar til hliðsjónar.

Gagnaöflun

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um leikskólann áður en farið var í vettvangsathuganir og viðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gætu ljósi á leikskólastarfið, ýmist á prentuðu máli eða á rafrænu formi.³ Kynning á forsendum og matsframkvæmd var send leikskólastjóra 10. janúar 2022 á rafrænu formi. Leikskólastjóra var falið að sjá til þess að starfsfólk og foreldrar hefðu tækifæri til að nálgast þessi gögn og koma spurningum eða athugasemdum á framfæri við úttektaraðila. Matsaðilar dvöldu fjóra daga á vettvangi og gerðu vettvangsathuganir á öllum deildum leikskólans. Tekin voru rýnivíðtöl við kennara með leyfisbréf, starfsfólk, foreldra og börn. Einstaklingsviðtal var tekið við leikskólástýru og sérkennslustjóra, haft var samband við framkvæmdastjóra Hjallastefnunnar og fagskrifstofu leikskólamála Skóla- og frístundasviðs. Þátttakendur í rýnihópum voru valdir með slembiúrtaki.

Fylgst var með uppeldi, kennslu- og starfsháttum, leik og námi, velferð og líðan barna, faglegu starfi og skipulagi náms og námsaðstæðna í leikskólanum. Matsaðilar fylltu út gátlista fyrir vettvangsathugun á deild og gáfu einkunn fyrir vísbendingar um gæðastarf sem myndar grunn að heildarmati og gefur mynd af leikskólastarfi á þeim meginþáttum sem viðmiðin ná til.⁴ Matsaðilar fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrir fram að lokinni leikskólaheimsókn, unnu saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Skýrslan var send leikskólustjóra og framkvæmdastjóra Hjallastefnunnar til yfirlestrar.

2 Lög um leikskóla nr. 90/2008.

3 Skólanámskrá og starfsáætlun og greinargerðir um innra mat, umbótaáætlun og matsáætlun, dagskipulag, símenntunaráætlun, niðurstöður ytra mats sveitarfélaga og/eða mennta-menningarmálaráðuneytis. Önnur gögn sem skólinn lagði fram.

4 Sjá nánar á bls. 27.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa góðar vísbendingar um það starf sem fram fer í leikskólanum. .

Leikskólinn og umhverfi hans

Leikskólinn Laufásborg er fjögurra kjarna leikskóli sem staðsettur er í miðbæ Reykjavíkur. Eins og fyrr segir er rekstraraðili leikskólans Hjallastefnan ehf. samkvæmt þjónustusamningi við Reykjavíkurborg. Laufásborg er staðsett í 100 ára gömlu húsi við Laufásveg 53-55 en í húsinu hefur verið rekinn leikskóli frá 1952. Hjallastefnan ehf. tók við rekstri leikskólans árið 2006.

Í Laufásborg dvelja 117 börn á aldrinum 18 mánaða til fimm ára, 55 stúlkur og 62 drengir. Tólf börn eiga annað móðurmál en íslensku og/eða eru með skilgreinda sérkennslu.

Leikskólinn er opinn frá klukkan 8:00-16:15.

Kjarnar leikskólans og fæðingarár barna eru:

Yngri drengjakjarni	2019–2020
Yngri stúlnakjarni	2019–2020
Eldri drengjakjarni	2016–2017–2018
Eldri stúlnakjarni	2016–2017–2018

Húsnæði og útileiksvæði

Húsnæði Laufásborgar er á þremur hæðum og er alls 922 m². Inngangar eru á báðum endum hússins á jarðhæð og á miðhæð. Ekki er lyfta í húsinu utan matarlyfta úr eldhúsi og upp á báðar efri hæðar. Á jarðhæð eru eldhús, þvottahús og kaffistofa starfsmanna. Þá eru þar þrjár stofur sem nýttar eru fyrir bæði barnahópa og starfsfólk. Friðrússtofa sem er lögð undir skák og stórt alrými sem er nýtt sem vinnuástaða starfsfólks. Í báðum endum hússins eru salerni fyrir starfsfólk og geymslur. Í öðrum enda hússins, við starfsmannainngang, er fataherbergi starfsfólks. Þar voru læst munahólf fyrir starfsfólk sem voru orðin ónýtt og var nýbúið að fjarlægja þau en fram kom í viðtali við skólastýri að von var á nýjum hólfum. Á miðhæðinni eru tveir kjarnar: Yngri drengjakjarni með þrjár stofur og yngri stúlnakjarni með tvær stofur. Hvor kjarni hefur yfir að ráða hreinlætisaðstöðu og fataklefa. Á efstu hæð eru svo eldri drengjakjarni með fjórar stofur og eldri stúlnakjarni með þrjár stofur, þá er hvor kjarni með hreinlætisaðstöðu og fataklefa. Lítil ræstiklefi er á báðum hæðum. Húsnæðið er rúmgott og vel um gengið. Mörg rými eru í húsinu og er starfsfólk duglegt að nýta þau og skipta barnahópnum upp í minni hópa og nýta allt húsið. Matsaðilum þótti hljóðvist í húsinu góð.

Í rýnihópi kennara og starfsfólks kom fram að viðhald á húsinu mætti bæta eins og að mála innanhúss í litavali sem hæfir börnum. Þá benda foreldrar á að bæta þurfi múrhúð utanhúss og mála húsið. Eldhús leikskólans er framreiðslueldhús og kemur maturinn frá sameiginlegu eldhúsi Hjallastefnunnar. Í rýnihópi foreldra kom fram mikil ánægja með matinn í leikskólanum.

Húsnæðið uppfyllir kröfur sem gerðar eru varðandi rými leikskólahúsnæðis í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og í reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009 með síðari breytingum.

Útileiksvæði leikskólans liggur að stórum hluta í halla frá húsinu og niður að Laufásvegi. Mikið af stórum trjám og hár steinveggur sem girðir af lóðina valda því að skjólgott er á leiksvæðinu. Leiktæki eru óhefðbundin, að mestu gerð úr endurnýttum, opnum efniviði, eru ögrandi og bjóða upp á fjölbreytt tækifæri til leikja og hreyfingar. Stór og vegleg vatnsslanga er á hvorri hlið hússins sem nýtist í útiverunni. Afmarkað svæði er fyrir ræktun á grænmeti. Útileiksvæðinu er skipt með ósýnilegri línu í tvo hluta. Í útiveru eru stúlkurnar öðrum megin og drengirnir hinum megin. Börnin skipta svo um staðsetningu á sex vikna fresti. Ofan við húsið er boltsvæði á steypu plani og þar hafa börnin gert vegglistaverk, málað ýmsar fallegar setningar á steinvegginn, sem framlag til barnamenningarhátíðarinnar 2021. Þar er staðsett geymsla fyrir útileikföng og skúr sem er nýttur sem smiðja. Þrjú hlið eru á lóðinni. Eitt frá Bergstaðarstræti, annað frá Njarðargötu og það þriðja frá Laufásvegi. Umhverfi leikskólans er

mikið nýtt til vettvangsferða. Í viðtali við kennara og starfsfólk kom fram að það sé öryggisatriði að fá betri lýsingu á leikskólalóðina og einnig megi bæta í lóðina runnum og grasi. Í viðtali við foreldra kom fram að bæta þurfi aðgengi að leikskólanum hvað varðar umferðaröryggi. Leikskólinn stendur við miklar umferðargötur og vantar merktar gangbrautir við aðliggjandi götur og fjölga mætti bílastæði fyrir hann.

Starfsmenn

Heildarfjöldi starfsfólks er 24 í alls 19,16 stöðugildum, 19 konur og fimm karlmenn. Tvær leikskólastýrur starfa að jafnaði við skólann, báðir í 100% starfi. Önnur leikskólastýran hefur verið í leyfi frá störfum þetta skólaár og er starfsmaður í 25% starfi sem ritari. Leikskólastýrur eru báðir með leyfisbréf kennara og hafa starfað sem leikskólastýrur í Laufásborg síðan 2006. Fimm kennarar eru með leyfisbréf. Sérkennslustjóri starfar við leikskólann og er hann með B.S. gráðu í sálfræði. Leikskólaleiðbeinendur A eru fjórir. Leikskólaleiðbeinendur B eru þrír: Einn með B.A. gráðu í spænsku, annars með B.S. gráðu í viðskiptafræði og þriðji með masters- gráðu í viðskiptafræði. Leiðbeinendur án háskólamenntunar eru fimm og starfsfólk utan kjarna eru þrír. Tveir starfsmenn starfa í eldhúsi leikskólans. Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði 2. mgr. 14. gr. laga nr. 95/2019 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla um að lágmarki $\frac{2}{3}$ hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla skuli teljast til stöðugilda kennara.

Hugmyndafræði og áherslur

Eins og fram hefur komið starfar Laufásborg eftir hugmyndafræði Hjallastefnunnar sem og Aðalnámsskrá leikskóla frá 2011. Fram kemur í skólanámsskrá að kynjaskipting er notuð til að tryggja jafnræði stúlkna og drengja og gefa báðum kynjum uppbot á þeim sviðum sem ekki tilheyra hefðbundnum kynhlutverkum. Í starfáætlun er lögð áhersla á jafnrétti þar sem öll börn eru jöfn og fá jöfn tækifæri, sköpun, gleði og kærleik með áherslu á frumlegt og óvenjulegt starf þar sem hugmyndaauðgi og ímyndunarafli ráða för og lýðræði með áherslu á virðingu og frelsi. Samkvæmt skólanámsskrá er börnunum í hverjum kjarna skipt upp í hópa eftir aldri. Hópstjóri er sérfræðingur í sínum hópi og er það hlutverk hans að lesa hópinn rétt. Hópstjóri agar hópinn og finnur út verkefni þannig að öll börnin í hópnum njóti sín.⁵ Laufásborg er umhverfisvænn leikskóli. Auk þess kemur fram að allt rusl leikskólans er flokkað og taka börnin þátt í endurvinnslu, moltugerð og flokkun á rusli. Í rýnivíðtali segist leikskólastýra þekkja menntastefnu Reykjavíkurborgar og starfið í Laufásborg mætist vel þar inn en hefur ekki kynnt menntastefnuna fyrir starfsfólki leikskólans.

Skákkennsla hefur verið þróunarstarf í Laufásborg síðustu níu ár og hefur alþjóðlegur skákþjálfari leitt það. Tvisvar hafa elstu börn leikskólans farið á skákmót erlendis, á EM og HM og er áætlað að þau fari til Grikklands í apríl til að taka þátt í skákmóti á EM.

Sterk hefð er fyrir öflugri söngkennslu í Laufásborg. Leikskólinn er kominn í samstarf við Söngskóla Reykjavíkur og er að hefja þróunarstarf um tónlistar- og söngkennslu fyrir nemendur leikskólans. Fram kemur í starfsáætlun skólans að starfsmaður í Laufásborg með B.A. gráðu í tónsmíðum mun leiða það starf fyrir hönd leikskólans. Í viðtali við leikskólastýru kom fram að einkunnarorð leikskólans væru: jafnrétti, lýðræði og sköpun. Þessi einkunnarorð voru ekki sýnileg í umhverfi leikskólans og í viðtölum var starfsfólk og foreldrar ekki meðvitaðir um þessi einkunnarorð. Þá hefur ekki farið fram umræða um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og tengsl hans við stefnu leikskólans.

Skólafatnaður er notaður í leikskólanum, bæði fyrir börn og starfsfólk. Foreldrum er ekki skylt að kaupa fatnaðinn og getur barn fengið lánaða skólalóla á skólatíma án endurgjalds.⁶

Kennarar og starfsfólk sagðist vera sátt við stefnu leikskólans og vera henni trú. Framkvæmd stefnunnar er mikið rædd á skipulagsdögum, starfsmannafundum og á kjarnafundum og er þá rýnt til gagns. Í viðtali sögðu foreldrar að mikill skýrleiki væri um stefnu leikskólans og vegna stefnunnar velji þau þennan leikskóla. Ramminn er skýr og stefnan er að virka. Stefnan er kynnt foreldrum á hverju ári.

5 Leikskólinn Laufásborg, skólanámsskrá.

6 Leikskólinn Laufásborg, skólanámsskrá.

Styrkleikar

- Leikskólahúsnæði er rúmgott og vel um gengið.
- Góð hljóðvist er í húsinu.
- Húsnæði er vel nýtt fyrir börnin.
- Foreldrar eru ánægðir með matinn í leikskólanum.
- Útileiksvæðið er stórt og býður upp á fjölbreytta möguleika til náms og leiks.
- Stefna leikskólans er skýrt sett fram í skólanámskrá og sýnileg í starfi leikskólans.
- Starfsfólk og foreldrar þekkja stefnu leikskólans.
- Markvisst er unnið samkvæmt stefnu leikskólans og er hún mjög sýnileg í starfinu.
- Mikill samhljómur og ánægja er hjá starfsfólki og foreldrum með stefnu leikskólans.

Tækifæri til umbóta

- Leita þarf leiða til að fjölga kennaramenntuðu starfsfólki.
- Setja þarf upp læst munahólf fyrir starfsfólk.
- Komið er að viðhaldi á húsinu, málningu innanhúss og múrviðgerðum að utan.
- Bæta þarf lýsingu á leikskólalóð.
- Finna þarf leiðir til að bæta umferðaröryggi í kring um leikskólann.
- Taka þarf upp umræðu um einkunnarorð leikskólans svo allir séu meðvitaðir um þau og gera þau sýnilegri í leikskólanum.
- Æskilegt er að fram fari umræða um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og virkni hans í starfi leikskólans.

Stjórnun

Stjórnskipulag og skipurit

Rekstraraðili Laufásborgar er Hjallastefnan ehf. samkvæmt þjónustusamningi við Reykjavíkurborg. Starfsfólk Hjallastefnunnar eru ráðgjafar Laufásborgar á ýmsum sviðum. Leikskólinn nýtur að auki sérfræðiaðstoðar þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar. Reykjavíkurborg sér um viðhald á húsnæði og lóð leikskólans. Leikskólastýra situr fundi með öðrum leikskólastjórum Hjallastefnunnar á sex vikna fresti. Í svörum frá fagskrifstofu leikskólamála Skóla- og frístundasviðs kom fram að lítil samskipti eru við leikskólann, einhver samskipti voru í tengslum við covid 19 þar sem óskað var eftir upplýsingum frá leikskólanum. Stjórnendur leikskólans leita ekki eftir ráðgjöf eða fræðslu fyrir starfsfólk sitt frá Skóla- og frístundasviði.

Í símaviðtali við framkvæmdastjóra Hjallastefnunnar kom fram að samskipti við leikskólastýru eru mjög góð og er hún lausnamiðuð í daglegri stjórnun og fljót að bregðast við málum. Hún hefur sterka sýn á Hjallastefnuna og er í hópi stjórnenda sem eru að þróa framtíðarsýn Hjallastefnunnar.

Námskrá og áætlanir

Skólanámskrá Laufásborgar var síðast endurskoðuð árið 2017 og er á áætlun að endurskoða hana innan tveggja ára. Leikskólastýra segist hafa frumkvæði að endurskoðun á skólanámskrá með aðkomu allra í leikskólanum, börnin hafi áhrif í daglegu starfi. Starfsfólk segist hafa komið að gerð skólanámskrár og starfsáætlunar en foreldrar könnuðust ekki við það. Í skólanámskrá kemur ekki fram greina-gerð um hvernig samstarfi á milli leikskóla- og grunnskóla er háttað svo og markmið, fyrirkomulag og uppbygging samstarfs og tengsla milli skólastiga. Samkvæmt aðalnámskrá leikskóla skal einnig koma fram hvernig staðið er að færslu og aðlögun barna milli skólastiga og hvaða upplýsingar fylgja barni þegar það flyst á milli leikskóla eða í grunnskóla. Þá skal fjalla um vinnulag og aðferðir við að meta þroska barna, nám, vellíðan og færni svo og hvernig unnið er með hæfnisþætti í samræmi við aldur og þroska barna. Skólanámskrá skal einnig innihalda viðmið fyrir leikskólastarfið til að meta út frá í innra mati. Þá vantar að gera grein fyrir tengslum við Barnasáttmálann og skipulagi sérfræðipjónustu. Skólanámskrá leikskólans uppfyllir því ekki að öllu leyti skilyrði aðalnámskrár leikskóla frá árinu 2011. Skólanámskrá, starfsáætlun og skóladagatal eru aðgengileg á heimasíðu leikskólans. Starfsmannahandbók hefur verið unnin og er aðgengileg starfsfólki. Leikskólinn hefur sett sér læsisstefnu. Aðrar áætlanir sem liggja fyrir eru öryggis- og viðbragðsáætlun, rýmingaráætlun, slysaskráning, áætlun um upphaf leikskólagöngu barna og símenntunaráætlun. Æskilegt er að myndað sé áfallateymi og að áfallaáætlun sé til staðar.

Í svörum frá fagskrifstofu leikskólamála Skóla- og frístundasviðs kemur fram að Laufásborg hefur í flestum tilfellum staðið við skiladag varðandi starfsáætlun leikskólans. Borið hefur á því að ekki allar upplýsingar sem óskað er eftir í starfsáætlun komi fram og hefur þá verið óskað eftir endurgerð á áætluninni. Ferlum og skilum á starfsáætlun hefur ekki verið fylgt nógu vel eftir af hálfu leikskólans.

Stjórnun og starfsmenn

Ekki er stjórnendateymi í Laufásborg. Leikskólastýrur og eins og fyrr segir er önnur í leyfi. Til að létta á leikskólastýru er ritari í 25% starfi. Framkvæmdarstjóri Hjallastefnunnar ehf. er yfirmaður leikskólastýru. Leikskólastýra er jafnframt hópstjóri á eldri drengjakjarna. Kennarar og starfsfólk sögðu að hópstjórar séu sérfræðingar í sínum hópi og taki ákvarðanir í samvinnu við leikskólastýru og nýti meðal annars Workplace til þess og sé leikskólastýra inni í allri umræðu. Þá kom fram í máli skólastýru að ef þarf fund um framkvæmd þá er haldinn fundur. Sá sem á hugmyndina sér um framkvæmd og kallar eftir aðstoð. Leikskólastýra mætir snemma morguns og tekur við fjarvistartilkyningum. Hún skráir á upplýsingatöflu sem er staðsett í miðrymi á jarðhæð, mætingu starfsmanna og setur jafnframt allar upplýsingar á Workplace þannig að allt starfsfólk sér stöðuna um leið. Þá er Workplace nýtt til ann-

arrar upplýsingarmiðlunar og umræðu. Leikskólastýra segir þetta ganga upp þar sem ramminn sé skýr, allir eru hluti af heildinni og skipulag og dagskrá leikskólans virki. Nýtt starfsfólk fylgir henni eftir og er í handleiðslu og samtali eins lengi og þörf krefur. Verið er að þróa nýjar leiðir með starfsþróunarsamtöl þannig að föst samtöl eiga ekki lengur við. Samtalið er tekið hvenær sem þörf er á því og koma allir oftast en einu sinni á ári. Báðar leikskólastýrurnar sitja viðtalið. Í rýnihópum kennara og starfsfólks kœnnuðust allir við það að fara í starfsþróunarsamtöl reglulega og þyki þau gagnleg.

Starfsmannafundir eru á sex vikna fresti utan opnunartíma leikskólans, tveir tímar í senn. Áætlun um skipulagsdaga er sett upp fyrir starfsárið. Skipulagsdagar eru sex. Dagskrá skipulagsdaga og starfsmannafunda er send út fyrir fram og fundargerðir ritaðar. Á hverju hausti er haustráðstefna Hjallastefnunnar þar sem starfsfólk úr öllum skólum hennar kemur saman og fræðist um ýmsa þætti tengda hjallískum starfsháttum. Áætlun um skipulagsdaga og starfsmannafundi er birt í starfsáætlun Laufásborgar 2021–2022. Fram kom í viðtölum að Kjarnafundir eru eftir þörfum.

Undirbúningstímar eru leystir þannig að allt starfsfólk fær slíka tíma og fær þá greidda í yfirvinnu og tekur þá utan daglegs vinnutíma.

Við ráðningu nýs starfsfólks er lögum nr. 95/2019 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórna fylgt. Við undirritun ráðningarsamnings er skrifað undir ákvæði um trúnað og þagnarskyldu og leyfi veitt til að skoða sakaskrá. Reykjavíkurborg gerir viðhorfskönnun meðal starfsfólks annað hvert ár og Hjallastefnan á hverju ári. Niðurstöður eru nýttar í innra mat leikskólans.

Fagleg forysta

Í viðtali segist leikskólastýra vera leiðtogi og frekar velja að kalla sig það en stjóra. Hún segist treysta fólki, standa með því og koma fram við það af virðingu. Hún segist trúa því að það búi gott í öllum og leikskólinn standi og falli með því fólki sem þar er. Leikskólastýra segist óhikað taka samtal við fólk sem passar ekki inn í leikskólann en jafnframt „grípur“ hún fólk sem þarf á því að halda. Sjái leikskólastýra einhverskonar hökt koma í tannhjólíð þá bregst hún við og fer í samtalið. Komi ágreiningsmál upp á milli starfsfólks þá er talað saman og málið leyst í sameiningu.

Á vettvangi sáu matsmenn að leikskólastýra er mikið á ferð um húsið, bæði sem hópstjóri og til að fylgjast með og taka þátt í starfinu. Leikskólastýra er ekki með fasta skrifstofu heldur vinnur þar sem pláss er hverju sinni. Í viðtali við kennara og starfsfólk kom fram að leikskólastýra sé faglega sterk og brenni fyrir að hópurinn sé trúr Hjallastefnunni. Hún er styðjandi og opin fyrir nýjum hugmyndum. Stjórnun er miðlæg og mikið lýðræði, alltaf er verið að skoða hver hafi bestu lausnina. Leikskólastýra er mjög aðgengileg, veitir endurgjöf og tekur á málum. Sérþekking hvers og eins er vel nýtt í starfinu. Foreldrar sögðu samskipti við leikskólastýru mjög góð, jákvæð og hvetjandi. Hún sé mikið til staðar og sýnileg. Í samtölum við börnin kom fram að þeir þekkja leikskólastýruna með nafni. Hún stjórnar leikskólanum og hjálpar líka vinum. Hún passar að enginn fari út um hliðið og huggar vini og vinkonur.

Starfsandi og starfsánægja

Leikskólastýra og starfsfólk eru sammála um að skólabragur og starfsandi í leikskólanum sé mjög góður. Það sem einkennir skólabraginn er traust, virðing og gleði. Starfsfólk er samhent, miðlar þekkingu og metnaður er mikill. Samskipti eru opin og flæði er í samskiptum. Starfsfólk er duglegt að hrósa hvert öðru og fær hrós frá leikskólastýru. Lögð er áhersla á að fólk tali við hvert annað en ekki um hvert annað. Gott er að leita eftir stuðningi til leikskólastýru svo og samstarfsfólks. Starfsfólki líður vel í starfi sínu og segist vera metið að verðleikum. Starfsfólk er duglegt að efla starfsandann og er starfsmannafélag við leikskólann sem stendur fyrir ýmsum viðburðum svo sem að fara saman á námskeið, ferðir út úr bænum og gista, jólagleði og út að borða.⁷ Mikill stöðugleiki er í starfsmannahaldi leikskólans og hefur góður kjarni starfsfólks starfað eftir Hjallastefnunni í 13–26 ár.⁸ Foreldrar upplifa einstaklega góðan starfsanda í leikskólanum og eru ánægðir með stöðugleika starfsfólks. Þeir segja gott aðgengi að kennurum og leikskólastýru og viðmót allra sé kærleiksríkt og innblásið af stefnu leikskólans.

7 Rýnivíðtal við leikskólastýru og rýnihópur kennara og starfsfólks.

8 Starfsáætlun Laufásborgar 2021–2022.

Styrkleikar

- Starfsmannahandbók er til og aðgengileg starfsfólki.
- Skólanámskrá, starfsáætlun og skóladagatal eru aðgengileg á heimasíðu leikskólans.
- Leikskólastýra er faglegur leiðtogi.
- Skýrt verklag er um handleiðslu nýliða.
- Verið er að þróa nýjar leiðir í viðtölum við starfsfólk.
- Allt starfsfólk fær undirbúningstíma.
- Unnin hefur verið læsisstefna fyrir leikskólann.
- Leikskólinn hefur sett sér öryggis- og viðbragðsáætlun, verklag um skráningu slysa, rýmingaráætlun, símenntunaráætlun og áætlun um upphaf leikskólagöngu barna.
- Starfsandi og skólabragur er góður.
- Starfsfólk hefur metnað fyrir leikskólann, trú á stefnunni og er stolt af starfi sínu.
- Traust og gagnkvæm virðing er á milli starfsfólks og því líður vel í vinnunni.
- Aðgengi foreldra að leikskólastýru og kennurum er gott sem og samskipti við þau.
- Mikil ánægja er með upplýsingastreymi.

Tækifæri til umbóta

- Endurskoða þarf skólanámskrá í samræmi við Aðalnámskrá leikskóla frá 2011 með aðkomu starfsfólks, barna og foreldra.
- Við gerð næstu starfsáætlunar þarf að huga að aðkomu barna og foreldra.
- Gera skal áfallaáætlun og skipa áfallateymi.
- Bæta þarf samskipti við Skóla- og frístundasvið hvað varðar skil á starfsáætlun og öðrum upplýsingum sem óskað er eftir.

Uppeldis- og menntastarf

Námsaðstæður

Skipulag húsnæðis er eins hjá öllum kjörnum og samanstendur af heimastofu, leikstofu og kubbastofu. Misjafnt er eftir kjörnum hvað margar stofur eru til umráða. Yngri stúlknakjarni hefur tvær stofur og yngri drengjakjarni þrjár. Eldri stúlknakjarni hefur þrjár stofur og eldri drengjakjarni fjórar. Auk þessa er kubbastofa í kjallara og stofur sem notaðar eru fyrir vinnu elstu barna. Elstu hóparnir borða einnig í þessum stofum. Þá er ein stofa, Friðriksstofa, eingöngu nýtt í skákkennslu. Í öllum heimastofum og leikstofum eru borð og stólar. Í heimastofum eru teppamottur til að afmarka kubbavæði og í leikstofu er teppi með sól í miðjunni og númeruðum reitum utan með til samveru. Hvert barn á sitt númer sem það sest á. Á eldri kjörnum eru skúffuskápar þar sem hvert barn á sína skúffu fyrir teikningar og annað sem barnið vill geyma. Á útisvæði er smiðja sem notuð er í hópastarfi. Í smiðju er mikið af alls konar efniviði, tækjum og verkfærum til sköpunar, meðal annars náttúrulegur, endurnýtanlegur og „verðlaus“ efniviður.

Dagskipulag skiptist á milli hópastarfs og vals sem er fjórum sinnum á dag og er eins á öllum kjörnum. Valfundur þar sem börnin velja sér svæði eru þrisvar sinnum á dag. Aðalvaltímar eru tvisvar á dag, eftir morgunmat og að loknum hópátíma eftir hádegi. Á þessum valtíma geta börnin valið á milli leikstofu þar sem eru svampkubbar og dýnur, kubbastofu með holukubbum, heimastofu sem er skipt í kubbavæði, leir, föndur, sull og útisvæði. Á morgnana þegar börnin eru að mæta í leikskólann er val um leikstofu og heimastofu en þá eru legokubbar í staðinn fyrir leir. Í lok dags er val eins og í upphafi dags nema útivera er einnig í boði. Reynt er að gæta jafnvægis milli inni- og útiveru. Gert er ráð fyrir að á valtíma fari um það bil helmingur barnanna út til að minnka álag á innisvæði. Þess er gætt að öll börn fari út að minnsta kosti einu sinni á dag. Samvera er fjórum sinnum á dag í tengslum við matartíma og í lok dags áður en börnin fara heim.⁹ Hópastarf er tvisvar sinnum á dag. Hjá elstu börnunum er kynja-blöndun í hópátíma fyrir hádegi fjóra daga í viku en hjá yngri börnunum tvo daga í viku. Á föstudögum er sameiginleg söngstund þar sem eldri kjarnarnir eru saman og yngri kjarnarnir saman.

Leikföng og annar efniviður er ekki sýnilegur á kjörnum og er það í samræmi við stefnu leikskólans um að minnka áreiti í umhverfinu. Efniviður er eins á öllum kjörnum og er geymdur inni í skápum og hafa börnin því ekki frjálst aðgengi að honum. Holukubbar og einingakubbar eru mikið notaðir ásamt ítarefni sem notað er í vali til að glæða áhuga barnanna og þróa leik þeirra.¹⁰ Legokubbar sem flokkaðir eru eftir litum eru til og notaðir í vali í upphafi og lok dags. Rimlar fyrir börnin til að klifra í eru á öllum kjörnum. Blöð, litir og annar efniviður varðandi föndur er á öllum kjörnum. Leikdeig sem útbúið er á staðnum er mikið notað í vali. Leikskólinn er vel búinn hljóðfærum og efnivið til tónlistar og sjá mátti að þarna er starfsfólk sem kunnir vel til verka. Nokkrar bækur eru til fyrir börnin að skoða en þær eru geymdar inni í skáp og eins sáu matsaðilar að til eru spil sem nota má í hópastarfi. Í smiðju er efniviður sýnilegur og aðgengilegur börnunum. Á útisvæði eru trjábólir, trjágreinar, pottar og málmdósir sem börnin leika með. Í rýnihópum kom fram að starfsfólk telur að nóg sé til af efnivið og ef það telur sig þurfa eitthvað til að vinna að ákveðnu verkefni eins og í hópastarfi þá er vel brugðist við og efniviður útvegaður.

Starfshættir

Eins og áður hefur komið fram er stuðst við Hjallastefnuna í uppeldisstarfinu og er dagskipulag samkvæmt því. Kennarar og starfsfólk tala um að dagskipulag sé mjög stýrt og fastmótað og lítil umræða fari fram um endurmat eða breytingar á því. Fram kom hjá starfsfólki að starf leikskólans einkennist af röð, reglu og rútinu. Samkvæmt skólanámskrá Hjallastefnunnar eru meginreglurnar sex og fjalla þær um börn og foreldra, starfsfólk, umhverfi, efnivið, náttúru og samfélag. „Meginreglurnar eru í skýrri forgangsröð þar sem fyrstu reglurnar hafa skýran forgang og hver regla byggir á þeirri sem á undan kemur. Jafnframt er fyrsta reglan innsti kjarni starfsins og koll af kalli umlykur hver regla þá næstu á undan.“

Í skólanámskrá kemur fram að kynjanámskráin er birtingarmynd á hugsjónum Hjallastefnunnar um jafnrétti stúlka og drengja. Í hinu kynjaskipta skólastarfi er markmiðið að gera báðum kynjum ávallt

⁹ Heimasiða Laufásborgar.

¹⁰ Rýnihópur kennara og starfsfólks.

jafnhátt undir höfði og mæta ólíkum þörfum stúlkna og drengja. Loturnar eru kennslutæki til þess að þjálfna bæði kynin í öllum mennskum eiginleikum. Skólaárinu er skipt upp í sex tímabil þar sem unnið er með sérstakar lotur. Hver lota stendur í fjórar vikur í senn og eru fyrstu þrjár á haustönn og seinni þrjár á vorönn. Yfirheiti hvernar lotu er almennt hugtak, lýsandi fyrir viðkomandi svið en heitinu fylgja síðan fjögur hugtök eða orð sem útskýra hvað þarf að æfa til að ná þeim árangri sem yfirheitið lýsir. Orðin fjögur eru svonefndir lotulyklar og er eitt orð einkennandi fyrir hverja viku lotunnar. Hverri lotu lýkur með uppskeruviku. Fyrsta lotan er agi og skiptist hún í virðingu, hegðun, kurteisi og framkomu. Önnur lota er sjálfstæði og skiptist í sjálfstyrkingu, sjálfstraust, öryggi og tjáningu. Þriðja lotan er samskipti og skiptist í umburðarlyndi, hjálpssemi, víðsýni og samstöðu. Fjórtða lotan er jákvæðni og skiptist í ákveðni, hreinskiptni, bjartsýni og gleði. Fimmta lotan er vinátta og skiptist í félagsskap, umhyggju, nálægð og kærleik. Sjötta lotan er svo áræðni og skiptist hún í kjark, kraft, virkni og frumkvæði. Unnið er með loturnar í hópstarfi og ber hópstjóri ábyrgð á því að vinna samkvæmt þeim.

Sérstök áhersla er lögð á starf fimm ára barna og gerð hefur verið sérstök námskrá fyrir þann aldurs- hóp. Þarna er verið að leggja grunn fyrir fyrsta bekk grunnskólans. Lögð er áhersla á að leggja inn bók- stafi eftir hljóðaaðferðinni og einnig að þjálfna talnaskilning ásamt æfingu í einföldum reikniaðgerðum. Enska er kennd í leikskólanum og fá öll börn kennslu í lotum. Sérstakur enskukennari sinnir kennslunni og kemur hann eina viku í mánuði og hittir þá öll börn skólans. Mikil áhersla er lögð á skák og eins og fyrr segir er ákveðinn starfsmaður sem sér um kennsluna.¹¹ Einnig hefur verið unnið þróunarstarf með rímur og rímnakveðskap sem í dag er hluti af læsisstefnu leikskólans.¹² Í rýnihópi kennara kom fram að það sem er einkennir uppeldisstarfið í leikskólanum er að barnið er ávallt í forgrunni sem og kynjanámskráin. Jafnframt kom fram að það ríki virðing, gleði og kærleikur í skólanum. Allt starfsfólk er kallað kennarar óháð menntun. Enginn sérstakur kjarnastjóri er yfir kjörnunum heldur eru allir kennarar jafnir.¹³ Í rýnihópum kom fram að samræmt verklag varðandi börn með krefjandi hegðun er til staðar en Hjallastefnan styður vel við þessi börn. Leiðir hvers Hjallaskóla að markmiðum upp- eldisstarfsins eru að mörgu leyti áþekkar en menning hvers skóla setur sinn svip á þær enda er það í höndum starfsfólksins í hverjum leikskóla að útfæra þann hluta skólanámskrár. Kynin eru aðskilin og í uppbótarvinnunni fá þau þjálfun í eiginleikum sem þau annars fara á mis við í samfélaginu. Uppbótar- vinna er hjallískt hugtak yfir verkefni og aðstæður þar sem stúlkur og drengir fá tækifæri til að styrkja þá eiginleika sem auðveldlega geta verið vanræktir vegna kynferðis. Stúlkur æfa til að mynda frum- kvæði og kjark en drengir æfa mjúkar vinahendur og hjálpssemi, þannig leggur Hjallastefnan áherslu á að þjálfna alla eiginleika hjá báðum kynjum. Virt er menning beggja kynja. Einu sinni á dag hittast kynin í jákvæðri blöndun þar sem þau mætast á jafningjagrundvelli og takast á við verkefni þar sem bæði kynin fá að njóta sín.¹⁴

Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna

Dagskipulag býður ekki upp á sveiganleika og lýðræðisleg þátttaka barnanna er ekki mjög sýnileg nema í vali þar sem börnin velja svæði en þau geta ekki haft áhrif á verkefni á svæðinu. Verkefnin eru alltaf þau sömu. Farið er eftir ákveðnu kerfi við valið og er markmiðið að jafna rétt barna. Val barnanna er skráð og það barn sem fyrst velur er síðast til að velja næst. Í samstarfi við leikskólann var hannað rafrænt skráningarkerfi sem heldur utan um val barnanna.¹⁵ Í rýnihópum kom fram að börnin mega ekki skipta um valsvæði á val tíma en boðið er upp á ítarefni á svæðum. Ítarefnið er ekki í boði fyrr en val tími er um það bil hálfnaður eða þegar starfsfólk kemur úr kaffitíma og eru börnin mjög meðvituð um þetta. Einnig kom fram að börnin geta haft áhrif á hópatíma og komið með hugmyndir að verkefnum og er reynt að koma til móts við þær hugmyndir. Stundum er kosið á milli hugmynda barnanna.¹⁶ Reglur eru skýrar og eru þær samkvæmt stefnu leikskólans og hefur starfsfólk lítið um þær að segja. Í rýnihópi barna kom fram að það séu reglur í skólanum og að kennararnir hafi sett þær þær. Í vettvangsathugun sáu matsaðilar að sjálfstæði barnanna og sjálfsákvörðun þeirra var lítil sem engin í matmálstímum. Börnin tóku ekki þátt í undirbúningi fyrir matmálstíma, þau fengu ekki að skammta sér matinn sjálf og í sumum tilfellum voru þau ekki spurð hvað þau vildu. Jafnframt kom fram í við- tölum og rýnihópum, og voru skýr rök fyrir því, að börnin mega ekki tala á meðan verið er að borða heldur eiga þau að einbeita sér að því að borða. Þegar allir eru búnir að borða má spjalla saman.

11 Starfsáætlun Laufásborgar og rýniviðtal við leikskólastýru 2021–2022.

12 Rýniviðtal við leikskólastýru og rýnihópur kennara.

13 Rýniviðtal við leikskólastýru og rýnihópur kennara og starfsfólks.

14 Leikskólinn Laufásborg skólanámskrá.

15 Vettvangsathugun og rýniviðtal við leikskólastýru.

16 Rýnihópur kennara, starfsfólks og barna.

Námssvið

skólanámskrá leikskólans er fjallað um hvernig unnið er að grunnþáttum menntunar og námssviðum aðalnámskrár: Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menningu. Þar er einnig fjallað um með hvaða hætti markmið aðalnámskrár leikskóla eru samþætt við leikskólastarfið og hvernig starfsfólki og börnum gefst tækifæri til að vinna með námssvið aðalnámskrár ýmist í frjálsum leik í val tímum eða með markvissum og skipulögðum hætti í hópatímum.

Áhersla er lögð á læsi í víðum skilningi og málrækt. Í Laufásborg er sérstök orðræða sem hefur skapast út frá áherslum Hjallastefnunnar á vináttuna og vingjarnleg og kærleiksrík samskipti. Þessi orðræða einkennir mjög öll samskipti barna og fullorðinna og er börnunum kennt að nota orðin sín. Samvera er meðal annars notuð til ýmiss konar málræktar svo sem samræðna, frásagna og söngs. Í hópastarfi eru börnin spurð og hvött til samræðna, unnið með rímur og rímnakveðskap. Einnig eru lesnar og sagðar sögur. Fréttatími er reglulega þar sem hvert barn er hvatt til að segja frá einhverju sem það hefur upplifað. Í starfi fimm ára barnanna er lögð áhersla á að vinna með bókstafi og stafa hljóð. Í skólanámskrá er talað um að vandað sé val á lögum og sögum og reynt að velja lög um dýr, náttúruna, árstíðirnar, lög sem eru lýsandi fyrir gamla tímann á Íslandi og lög þar sem vinátta og falleg samskipti eru í hávegum höfð, í stað laga um staðalmyndir af hlutverkum kynjanna. Á vettvangi sáu matsaðilar að metnaðarfullt tónlistarstarf á sér stað og börnin sungu erfiða og flókna texta. Á eldri kjörnum og í elstu barna stofunum er spjald með stafrófi uppi á vegg. Annað ritmál, stafróf eða tölustafir er ekki sýnilegt en það samræmist stefnu leikskólans. Í fataklefa eru hól barnanna merkt með nöfnum þeirra. Valspjöld eru með myndum.

Áhersla er lögð á heilbrigði og vellíðan í öllu leikskólastarfinu. Börnin eru studd í félagslegum tengslum, sjálfstæði, hreyfingu og útivist. Lögð er áhersla á að öll börn fari út daglega, auk þess eru hópatímar notaðir til vettvangsferða. Lögð er áhersla á hollt matarræði og að yngri börnin hvíli sig að loknum hádegisverði.

Unnið er með sjálfbærni og vísindi í gegnum náttúruna og fá börnin tækifæri til að rannsaka hana og kanna. Lóð leikskólans er uppspretta tækifæra til sköpunar og þar er fylgst með breytingum tengdum árstíðum. Gróðurkassar til ræktunar matjurta eru í garðinum og sjá börnin um gróðursetningu og umhirðu þeirra. Í smiðju er lögð áhersla á að vinna með endurnýtanlegan efnivið og með það sem til fellur hverju sinni. Einnig er þar aðstaða til tilrauna og vísindastarfa. Eins og áður hefur komið fram er allt rusl flokkað inni á kjörnum og lífrænn úrgangur fer í sérstaka tunnu.

Sköpun er í vali og hópastarfi. Í skólanámskrá segir að „þegar börnin leika með opinn efnivið ræður sköpunargáfan ferðinni og þau sitja öll við sama borð, það róar þau því þau finna að það hallar ekkert á þau og sköpunin er svo róandi. Með þessum hætti geta öll börnin verið virk á sínu svæði á val tíma. Jafnframt segir að með nægjuseminni í leikefninu og nýtni kennum við börnunum að gera gott úr málunum og þau læra að hugsa út fyrir rammann því okkar opni efniviður leyfir sköpunargleði þeirra að njóta sín.“

Í vettvangsathugun sást að börnin hafa tækifæri til að nota eigið hugmyndaflug og sköpun í leik og að áhersla er lögð á ferlið frekar en afurð. Í hópastarfinu er meðal annars unnið með listsköpun. Lítið er um að verkefni barna séu sýnileg í umhverfinu og er það í samræmi við hugmyndafræði Hjallastefnunnar. Í rýnihópi starfsfólks kom fram að það mætti setja verk barnanna upp á vegg í stuttan tíma í senn.

Velferð og líðan barna

Andrúmsloft í leikskólanum er afslappað, gott og einkennist af gagnkvæmri virðingu, skilningi og trausti á milli aðila. Í vettvangsathugun sáu matsaðilar sjálfstæð, glöð og starfsöm börn. Samskipti starfsfólks við þau voru uppbyggileg og starfsfólkið sýndi þolinmæði og beitti röddinni á jákvæðan hátt. Lögð er áhersla á að beygja sig niður til barnanna og ná augnsambandi þegar talað er við þau, ásamt því að nota faðmlag og snertingu. Í rýnihópi barna kom fram að þeim finnst gaman í leikskólanum og að þeim líður vel. „Okkur líður vel af því við gerum skemmtilega hluti.“ „Ef við meiðum okkur þá líður okkur illa.“

Þá erum við hugguð, kennari eða vinkona huggar okkur.“ Í rýnihópi starfsfólks kom fram að það telji að börnunum líði vel hjá þeim og þau séu glöð að koma. Í rýnihópi foreldra kom fram að kærleikur og virðing einkenni starfið í leikskólanum. Þau upplifa mikla ró við að koma inn í skólann og börnin vita alltaf til hvers er ætlast af þeim. Viðhorf starfsfólks til barnanna einkennist af ást og kærleika og tekið er á móti börnunum með jákvæðni og gleði. Foreldrar segja að börnin tali jákvætt um leikskólann og líta á „kastalann“ sem draumastað. Börnin eru stolt af skólanum sínum og líður vel þar. Einnig kom fram að foreldrum líður vel með að hafa börnin í þessum skóla.

Mat á námi og velferð barna

Valið er skráð daglega og er tekið saman eftir mánuðinn hvað barnið hefur valið, hvaða svæði er vinsælast hjá barninu og hvaða svæði það forðast. Hópstjórar hafa skráningarblað þar sem skráð er hvað gert er í hópátíma. Foreldrasamtöl eru tvisvar á ári og hópstjórar fylla út gátlista fyrir samtölin sem er borinn saman við lista frá fyrra samtali. Í rýnihópum starfsfólks kom fram að engin áætlun er til um mat á námi barna en hópstjórar eru með gátlista fyrir foreldrasamtöl sem þeir fylla út. Í rýniviðtali við leikskólastýru kom jafnframt fram að skimunarprófið *Hljóm-2* sem kannar hljóð- og málvitund barna, er lagt fyrir öll fimm ára börn að hausti. Ef grunur er um málproskafrávik hjá barni er notast við Efi-2 sem er skimun á málskilningi og máltjáningu barna sem eru á fjórða ári.

Styrkleikar

- Hugmyndafræði Hjallastefnunnar er sýnileg í umhverfinu og í öllu daglegu starfi skólans.
- Unnið er með alla grunnþætti menntunar og námskrá aðalnámskrár.
- Starfsfólk er öruggt í starfi og þekkir sitt hlutverk.
- Starfsfólk leggur sig fram um að eiga jákvæð og uppbyggileg samskipti við börnin.
- Börnin eru glöð og líður vel í leikskólanum.
- Fjölbreyttur efniviður er notaður til sköpunar.
- Skákkennsla er í leikskólanum og hafa börnin keppt innanlands sem erlendis með góðum árangri.

Tækifæri til umbóta

- Skoða ætti lýðræðislega þátttöku barnanna í leikskólanum.
- Leita ætti leiða til að auka fjölbreytni í mati á þroska barna svo sem með viðurkenndum matslistum.
- Leita leiða til að gefa börnum tækifæri til að meta nám sitt og setja sér markmið.
- Æskilegt er að fram fari umræða meðal starfsfólks um framkvæmd matmálstíma, sjálfstæðis og sjálfræðis barnanna, markmið og leiðir.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Pátttaka foreldra og upplýsingamiðlun

Foreldraráð er starfandi við leikskólann og í því sitja þrjú fulltrúar foreldra. Leikskólastýra velur fólk í ráðið og því ekki um formlega kosningu að ræða en í haust bauð foreldri sig fram í ráðið að fyrra bragði. Fram kom að óljós mörk eru á milli foreldraráðs og foreldrafélags enda eru það sömu foreldrar sem eru í báðum hlutverkum. Í viðtali við leikskólastýru kom fram að þessi hlutverk hafa riðlast í Covid-19 á meðan ekki var hægt að hittast. Foreldraráðið hefur ekki sett sér vinnureglur eða starfsáætlun. Fundir eru ekki haldnir en samskiptin fara fram í tölvupósti og fundargerðir eru ekki til staðar. Foreldraráð kemur ekki að gerð starfsáætlunar eða skólanámskrár en helsta verkefni ráðsins er að lesa yfir starfsáætlun og gefa henni umsögn. Foreldrar í rýnihópi könnuðust ekki við foreldraráð og vissu ekki hverjir væru í því.

Foreldrafélag er starfandi við skólann og eru fundir haldnir eftir þörfum og situr leikskólastýra þá. Fjórir foreldrar eru í stjórn félagsins einn frá hverjum kjarna og hafa sömu aðilar verið lengi. Algengt er að foreldrar bjóði sig fram í stjórn foreldrafélagsins. Fundargerðir eru ritaðar og birtar á heimasíðu. Foreldrafélagið er virkur samstarfsaðili leikskólans og stendur fyrir ýmsum viðburðum í samráði við leikskólastýru og starfsfólk. Ljósahátíð, vorhátíð, leikýningar og fræðslufundir fyrir foreldra og örnámskeið eru dæmi um slíka viðburði. Notast hefur verið við streymi á fræðslufundunum og er almenn ánægja með það hjá foreldrum. Einnig eru foreldrar virkjaðir í framkvæmdahóp hinna ýmsu viðburða í skólanum eins og undirbúning fyrir 70 ára afmæli leikskólans¹⁷ í rýnihópum starfsfólks kom fram að foreldrar eru duglegir að koma með hugmyndir og bjóða upp á alls konar viðburði. Foreldrafélagið er með Facebook-síðu þar sem foreldrar geta haft samskipti sín á milli.

Eins og áður hefur komið fram hafa flestir foreldrar kynnt sér stefnu leikskólans þegar þeir sækja um pláss fyrir barnið og vita því að hverju þeir ganga. Við upphaf leikskólagöngu hjá barni eru foreldrar boðaðir í viðtal til leikskólastýru þar sem undirritaður er dvalarsamningur og foreldrum kynnt húsnæðið. Foreldrar fá afhentan bæklinginn „Velkomin í leikskólann“ en þar eru hagnýtar upplýsingar um leikskólann. Aðlögun nýrra barna tekur um viku samkvæmt áætlun. Foreldrasamtöl eru tvisvar á ári, á laugardögum. Foreldrar fá úthlutað 15 mínútum fyrir samtalið og er leikskólinn opinn fyrir leikskólabörnin og systkini þeirra á meðan. Leikskólinn er með skráningarkerfið Karellen þar sem starfsfólk getur skráð upplýsingar eins og viðveru barna, svefntíma, matartíma og að auki eru settar inn myndir af starfinu og skilaboð til foreldra. Fram kom í viðtölum að Karellen sé lítið notað í dag. Kerfið hafi verið uppfært og við það hafi komið fram einhverjir hnökra þannig að það virkar ekki sem skildi. Jafnframt kom fram að þrátt fyrir þessa hnökra virkar kerfið vel til að senda foreldrum myndir af starfinu og notar starfsfólk það.¹⁸ Upplýsingatafla er við hvern kjarna þar sem skráðar eru upplýsingar sem kennarar vilja koma á framfæri við foreldra. Á upplýsingatöflu er skráningarblað þar sem starfsfólk skráir daglega hvað gert hefur verið í hópstarfi þann dag. Lögð er áhersla á dagleg samskipti milli foreldra og starfsfólks. Hópstjórar eru með símanúmer hjá foreldrum barnanna í sínum hópi og hringja í foreldra ef þeir þurfa að koma einhverju til skila. Jafnframt hafa foreldrar símanúmer hópstjóra síns barns og geta náð í hann hvenær sem er. Einnig getur starfsfólk notað Facebook-síðu foreldrafélagsins.¹⁹ Í rýnihóp foreldra kom fram að foreldrum finnst mikilvægast það samtal sem fer fram þegar komið er með börnin og þau sótt. Þeir sögðust ekki nota heimasíðu leikskólans mikið, enda er hún ekki uppfærð reglulega. Jafnframt töldu foreldrar að þeir fengju nægar upplýsingar. Leikskólastýra gerir mikið af því að senda foreldrum tölvupóst með ýmsum upplýsingum um leikskólastarfið, örnámskeiðum, minnisatriðum um samskipti og annað er varðar uppeldi barna. Þessir póstar eru unnir í samvinnu við starfsfólk leikskólans. Leikskólinn gengur langt í að þjónusta foreldra: meðal annars er hægt að vera í áskrifandi af bleyjum fyrir börnin og borga foreldrar þá ákveðna upphæð mánaðarlega. Einnig eru vettlingar og ullarsokkar til afnota fyrir börnin og borga foreldrar fyrir það ákveðið gjald, tvisvar á ári fyrir vettlinga og einu sinni á ári fyrir ullarsokka. Mikil ánægja er með þetta meðal foreldra og er aldrei vandamál með óhreina, týnda vettlinga eða það að þeir gleymist.

17 Rýnihópur foreldra.

18 Rýnihópur kennara, starfsfólks og foreldra.

19 Rýnihópur kennara og starfsfólks.

Viðhorf foreldra

Viðhorf foreldra til leikskólans er mjög gott. Foreldrar voru jákvæðir í ummælum sínum um leikskólann, starfsfólk og stjórnendur. Þeir segja að þeim mæti kærleikur og hlýja þegar þeir koma í leikskólann. Þeir telja sig örugga með að börnunum líði vel og að þau fái góða menntun. Foreldrar töluðu um að það væri alltaf ró í kringum börnin þegar þau koma og í lok dags þegar þau eru sótt. Þeir telja sig líka finna að stefna leikskólans er allt um kring. Almenn ánægja er með matinn í leikskólanum og jafnframt skólabúningana. Foreldrar sögðust eiga góð samskipti við starfsfólk og viðhorf starfsfólks til barnanna einkennist af virðingu og hlýju. Einnig kom fram að foreldrar telja að starfsandinn sé mjög góður og telja skólann vera skemmtilegan vinnustað. Foreldrar upplifa mikinn metnað og samstöðu í starfsmannahópnum. Í nýrri foreldrakönnun frá árinu 2022 kemur fram að foreldrar eru mjög ánægðir með leikskólann og eru niðurstöður yfir landsmeðaltal á öllum sviðum.

Samstarf við grunnskóla

Formlegt samstarf við grunnskóla er ekki til staðar en það féll niður í Covid-19 og ekki er vitað hvort eða hvenær það verður tekið upp aftur. Í starfsáætlun Laufásborgar 2021–2022 er fjallað um samstarf við Barnaskóla Hjallastefnunnar. Þar kemur einnig fram að foreldrar þeirra barna sem fara í annan grunnskóla en Barnaskóla Hjallastefnunnar sjái um að fara í heimsóknir með börnin í sinn hverfisskóla. Ekki eru til skriflegar upplýsingar um hvað fylgi börnum á milli skóla.

Annað samstarf

Börn og starfsfólk leikskólans hafa í sameiningu tekið þátt í barnamenningarhátíð í Reykjavík. Á síðasta ári var framlag leikskólans vegglistaverk þar sem börnin gerðu allt sjálf. Stúlkur sáu um að smíða vinnupalla. Drengir skrúbbuðu og þvoðu vegginn. Öll börn komu að verkinu en hvert og eitt barn málaði á vegginn stafi og orð sem notuð eru í samskiptum við börnin. Orð eins og sterkur, ég er sterkur og æfinginn skapar meistarann. Starfsfólk og börn eru dugleg að heimsækja söfn og aðrar menningarstofnanir í miðborginni. Formlegt samstarf er við tónlistarskólann í Reykjavík þar sem nemendur leik- og tónlistarskólans skiptast á heimsóknum. Borgarbókasafnið er heimsótt reglulega og hægt er að fá bækur lánaðar. Garðurinn í listasafni Einars Jónssonar er mikið notaður og börnin hvött til að gæta garðsins. Samstarf er við Kvennaskólann í Reykjavík og Tjarnarskóla og koma nemendur þeirra skóla í heimsókn í leikskólann til að gera verkefni. Elstu börnin hafa farið í heimsókn í dagvist eldri borgara í Þorraseli og sungið fyrir fólkið. Samstarf er við bóndabæ að taka á móti börnum og sýna þeim dýrin á vorin. Á vorin hafa elstu börnin farið í vorferð og síðasta vor gistu þau eina nótt á Sólheimum í Grímsnesi og kynntu sér staðinn. Áætlað er að gera það aftur í vor.

Styrkleikar

- Mikið er lagt upp úr góðu samstafi við foreldra.
- Foreldrar fá mikla fræðslu og reglulega er sendur tölvupóstur með örnámskeiðum og fræðslu sem varðar uppeldi barna.
- Starfsfólk leitast við að koma til móts við foreldra hvað þjónustu varðar, samanber áskrift að bleyjum vettlingum og ullarsokkum.
- Foreldrar nýrra barna fá afhentan upplýsingabækling um leikskólann og er hann einnig á heimasíðu.
- Starfsfólk leggur sig fram um að koma upplýsingum til foreldra með fjölbreyttum leiðum.
- Viðhorf foreldra til leikskólans er mjög gott og segjast öruggir með börnin í skólanum og telja að þeim líði vel.
- Áhersla er lögð á vettvangsferðir og að nýta garða, söfn og opin svæði í miðborginni.

Tækifæri til umbóta

- Áfram ætti að leita leiða til að virkja foreldra til þátttöku í foreldraráði og kjósa með lýðræðislegum hætti.
- Samkvæmt lögum um leikskóla skal foreldraráð vinna starfsáætlun, kynna foreldraráð og birta upplýsingar á heimasíðu leikskólans.
- Foreldraráð ætti að funda reglulega, boða fundi ráðsins með fyrir fram gerðri dagskrá, skrá fundargerðir og birta á heimasíðu leikskólans.
- Æskilegt er að fylgja eftir áætlun um samstarf við grunnskóla.
- Móta þarf formlegt ferli um hvaða upplýsingar fylgja börnunum á milli skólastiga.
- Æskilegt er að hafa hagnýtar upplýsingar um leikskólann á heimsíðu á fleiri tungumálum.
- Uppfæra þarf heimasíðu leikskólans reglulega.

Skóli án aðgreiningar

Skólalþjónusta og sérkennsla

Sérkennslustjóri er starfandi við leikskólann. Hann ber ábyrgð á og hefur umsjón með sérkennslu og skipuleggur vinnuna með sérkennslubörnin ásamt leikskólastýru og í samstarfi við hópstjóra. Upplýsir starfsfólk, veitir því fræðslu og ráðgjöf, fylgir eftir vinnunni með börnum með skilgreindan stuðning handa sérkennslubörnum. Ef þannig háttar er sérkennslustjóri jafnframt hópstjóri en það fer eftir hve þung sérkennslumálin eru í leikskólanum hverju sinni. Sérkennslustjóri hefur reynslu og þekkingu í atferlisþjálfun og sinnir þeirri vinnu ef þarf. Ef upp kemur grunur um þroskafrávik hjá barni ræða sérkennslustjóri og hópstjóri saman um málið. Einnig er leitað álits annars starfsfólks á kjarnanum. Í framhaldi af þessu er haft samband við foreldra og ef þurfa þykir er sent erindi til þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða. Á þjónustumiðstöð starfar sérkennsluráðgjafi, sálfræðingur og talmeinafræðingur. Í samstarfi við foreldra og starfsfólk þjónustumiðstöðvar svara hópstjóri og sérkennslustjóri hinum ýmsu listum sem málið varðar. Lögð er áhersla á að vinna sem mest með barnið inni í barnahópnum en ef þurfa þykir er unnið einstaklingslega með það. Reynt er að nýta fyrri helming val tímans til þess. Áhersla er lögð á að barnið fylgi sínum hópi í hópatíma meðal annars til að efla félagsfærni. Ef um er að ræða barn sem þarf hegðunarkennslu þá grípa allir starfsmenn þau börn en Hjallastefnan einkennist af hegðunarmótun. Einstaklingsnámskrá er gerð með aðkomu foreldra fyrir þau börn sem hafa skilgreindan stuðning og er hún endurskoðuð reglulega. Teymisfundir með foreldrum barna, aðila frá þjónustumiðstöð, hópstjóra og sérkennslustjóra og eða leikskólastýru eru haldnir á sex til átta vikna fresti eða eftir þörfum. Ákveðið er í lok fundar hvenær næsti fundur er. Hópstjóri sér um að boða á fundina.²⁰ Í rýnihópum kom fram að allt starfsfólk leikskólans er upplýst um börn með skilgreindan stuðning og fram kom að það telur sig fá nægar upplýsingar um þau. Það segist fá fræðslu og stuðning þegar á þarf að halda og fá jafnframt stuðning til að sækja námskeið. Starfsfólk telur að nóg sé til af kennsluefni fyrir sérkennslu og ef eitthvað vantar er það útvegað. Jafnframt telur það að góð aðstaða sé í leikskólanum fyrir einstaklingsvinnu og fundi.

Í svörum frá fagskrifstofu leikskólamála Skóla- og frístundasviðs kom fram að verkefnastjóri sérkennslu hefur átt góð samskipti við starfsfólk Laufásborgar. Einnig kom fram að sérkennsluráðgjafi á þjónustumiðstöð er ánægður með framkvæmd og vinnu við sérkennslumál í leikskólanum.

Börn með annað móðurmál en íslensku

Sérstök áætlun er til um móttöku barna með annað móðurmál en íslensku er að finna á heimasíðu leikskólans. Í henni kemur fram að meginregla eitt hjá Hjallastefnunni er að mæta hverju barni þar sem það er statt hverju sinni. Í móttökuáætlun kemur fram að mikilvægt er að mæta þörfum hvers barns og fjölskyldu strax í upphafi leikskólagöngu og virða bakgrunn og menningu þess. Einnig kemur fram að leikskólastýra er sérstakur tengiliður við fjölskylduna.²¹ Í bæklingnum „Velkomin í leikskólann“ er að finna hagnýtar upplýsingar um leikskólann á ensku. Fram kom í rýniviðtölum að starfsfólk er lausnamiðað í samskiptum við foreldra af erlendum uppruna og duglegt að nota upplýsingar á heimasíðu Skóla- og frístundaráðs um fjölmenningu. Túlkar eru notaðir í samtölum ef þurfa þykir.

Styrkleikar

- Sérkennslustjóri starfar við leikskólann.
- Aðgengi að sérfræðingum á vegum þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða er gott.
- Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir börn sem njóta sérkennslu.
- Lögð er áhersla á að stuðningur fari sem mest fram í daglegu starfi.
- Góð aðstaða er til sérkennslu.
- Til er móttökuáætlun fyrir börn með annað móðurmál en íslensku.

²⁰ Rýniviðtala við sérkennslustjóra.

²¹ Heimasíða Laufásborgar.

Tækifæri til umbóta

- Verkferlar ættu að vera skriflegir og öllum aðgengilegir svo sem á heimasíðu leikskólans ef upp kemur grunur um þroskafrávik hjá barni.
- Æskilegt er að fulltrúi leikskólans mæti á fræðslufundi um fjölmenningu hjá Skóla- og frístundasviði.

Innra mat

Skipulag og viðfangsefni

Innra mat á starfsháttum fer reglulega fram í Laufásborg, meðal annars með ýmsum gátlistum frá Hjallastefnunni. Matið er kerfisbundið og er eins frá ári til árs og er það samofið daglegu starfi. Matsteymi er ekki starfandi innan leiksskólans en fram kom að leikskólastýra beri ábyrgð á matinu. Í skólanámskrá er fjallað um helstu leiðir sem leikskólinn fer við að meta starfið en ekki eru skilgreind markmið eða viðmið um þann árangur sem stefnt er að. Á hverju ári kemur matsaðili frá Hjallastefnunni og metur skólustarfið í heild, talar við foreldra og starfsfólk, eyðir degi í skólanum og fylgist með. Niðurstöður úr úttektinni eru nýttar í innra mat og umbótaáætlun leikskólans. Matsáætlun fyrir skólaárið liggur fyrir þar sem gerð er grein fyrir þeim aðferðum sem leikskólinn notar við matið.

Gagnaöflun og vinnubrögð

Innra matið er að nokkru leyti hluti af kerfisbundnu innra eftirliti Hjallastefnunnar sem samanstendur af spurningakönnun fyrir foreldra og starfsfólk, athugun á lögbundnum gögnum skólans og rekstrar-skoðun útsvæðis.²² Einnig fer fram mat á vegum leikskólans sem felst meðal annars í skráningum á vali og hópatímum. Mánaðarlega eru þessar skráningar skoðaðar til að fylgjast með hvort jafnvægi sé á milli allra þátta varðandi námssviðin og grunnþætti menntunar samkvæmt aðalnámskrá. Val barnanna er skráð og tekið saman mánaðarlega. Foreldrar fá það sent til að geta fylgst með barninu. Mat á framförum barna er gert tvisvar á ári með því að fylla út þar til gerða gátlista og er það gert í tengslum við foreldraviðtöl. Þróunarstjóri Hjallastefnunnar, ásamt leikskólastýru, ræðir niðurstöður kannana og gerð er umbótaáætlun út frá þeim. Einnig eru þær ræddar á fundum með starfsfólki og foreldrar eru upplýstir um þær. Foreldrar koma að innra mati með þátttöku í foreldrakönnun en börnin koma ekki að innra mati á skólustarfinu. Foreldraráð kemur að innra matinu með því að lesa yfir og samþykkja starfsáætlun.

Opinber birting og umbætur

Í starfsáætlun Laufásborgar 2021–2022 er annars vegar fjallað um niðurstöður innra mats og umbótaáætlun leikskólans og hins vegar niðurstöður mats og umbótaáætlun rekstraraðila. Ekki er ljóst hvernig niðurstöður innra mats leikskólans eru til komnar þar sem ekki er fjallað um hvernig gagna var aflað. Niðurstöður tengjast ekki með skýrum hætti þeim gagnaöflunaraðferðum sem fjallað er um í skólanámskrá og í áætlun um innra mat, það er skráning á vali barna og úrvinnsla úr hópatímaskráningu. Skýr tenging er á milli niðurstaðna úr ytra mati rekstraraðila og umbótaáætlunar sem byggir á þeim. Niðurstöður úr innra mati eru ekki sjáanlegar á heimasíðu leikskólans en þar má sjá krækjur inn á innra mat skólans fyrir árið 2021–2022 sem eru óvirkar.

Fram kom í viðtali við leikskólastýru að niðurstöður innra mats væru birtar á sameiginlegu rafrænu vinnusvæði Workplace starfsmanna og eru þær ræddar á starfsmannafundum. Niðurstöður foreldrakannana eru kynntar foreldrum. Fram kom í rýnihópi foreldra að þeir þekktu ekki innra mat leikskólans en stöðugt væri verið að leita eftir skoðunum þeirra og ábendingum þeirra væri vel tekið.

Styrkleikar

- Innra mat er kerfisbundið og samofið daglegu leikskólustarfi.
- Framkvæmd matsins er samstarfsverkefni starfsfólks.
- Brugðist er við niðurstöðum úr mati, sem gefa til kynna að umbóta sé þörf.
- Viðhorfskannanir meðal starfsfólks og foreldra eru gerðar reglulega og nýttar í innra mat.
- Fjallað er um niðurstöður innra mats og áætlun um umbætur í starfsáætlun.
- Reglulega kemur matsaðili frá Hjallastefnunni og metur skólustarfið.

22 Skólanámskrá Laufásborgar.

Tækifæri til umbóta

- Í skólanámskrá skal fjalla um markmið leikskólans og hvernig þau eru metin.
- Einnig skal skilgreina viðmið um árangur sem stefnt er að.
- Allir hagsmunahópar ættu að koma að því að ákveða áherslur og skipulag innra mats til dæmis með stofnun matsteymis sem í sitja stjórnendur, starfsfólk og foreldrar eða með aðkomu foreldraráðs.
- Tryggja ætti að raddir barna heyrist í mati á leikskólastarfinu.
- Birta skal greinargerð um niðurstöður innra mats á heimasíðu leikskólans þar sem fram koma upplýsingar um gagnaöflun, að hve miklu leyti markmið hafa náðst, niðurstöður og greining á styrkleikum og tækifærum til úrbóta.
- Gera skal umbótaáætlun út frá helstu tækifærum til umbóta þar sem meðal annars kemur fram til hvaða aðgerða eigi að grípa og hvenær, hvernig endurmatið eigi að fara fram og hver beri ábyrgð á að hrinda því í framkvæmd..

Samantekt matsþátta

Niðurstöður matsins eru settar fram á myndrænan hátt með lituðum kvarða.

A > 3,6 – 4 = grænt – Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

B > 2,6 – 3,5 = ljósgrænt – Fleiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

C > 1,6 – 2,5 = gult – Fleiri veikleikar en styrkleikar. Einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.

D > 1,0 – 1,5 = rautt – Mikil umbótaþörf í flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægu þáttum.

Stjórnun	Uppeldis og menntastarf	Leikskólabragur	Foreldrasamstarf	Innra mat
Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur	Skipulag náms og náms-aðstæður	Viðmót og menning	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Uppeldi, menntun og starfshættir	Velferð og líðan barna	Viðhorf foreldra	Gagnasöfnun og vinnubrögð
Stjórnun og daglegur rekstur	Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Hlutverk leikskólakennara		Opinber birting og umbætur
Faglegt samstarf	Námssvið leikskólans	Fagmennska starfsfólks		
Leikskólaþróun og símenntun	Leikskóli án aðgreiningar	Starfsánægja		
	Mat á námi og velferð barna			

Samantekt

Í þessari skýrslu eru eftirfarandi þættir metnir í starfi í Leikskólanum Laufásborg: leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, mat á námi og velferð barna, skólabragur og samskipti, velferð og líðan barna, foreldrasamvinna og ytri tengsl, skóli án aðgreiningar og innra mat. Áhersla úttektarinnar fólst í að leggja mat á hvort starfsemi leikskólans væri í samræmi við ákvæði laga og reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Í lok hvers kafla hefur verið gerð grein fyrir styrkleikum leikskólans og hvar tækifæri liggja til úrbóta. Hér á eftir er heildarmat sett fram á sama hátt.

Styrkleikar

- Leikskólahúsnæði er rúmgott og vel um gengið.
- Góð hljóðvist er í húsinu.
- Húsnæði er vel nýtt fyrir börnin.
- Foreldrar eru ánægðir með matinn í leikskólanum.
- Útileiksvæðið er stórt og býður upp á fjölbreytta möguleika til náms og leiks.
- Stefna leikskólans er skýrt sett fram í skólanámskrá og sýnileg í starfi leikskólans.
- Starfsfólk og foreldrar þekkja stefnu leikskólans.
- Markvisst er unnið samkvæmt stefnu leikskólans og er hún mjög sýnileg í starfinu.
- Mikill samhljómur og ánægja er hjá starfsfólki og foreldrum með stefnu leikskólans.
- Starfsmannahandbók er til og aðgengileg starfsfólki.
- Skólanámskrá, starfsáætlun og skóladagatal eru aðgengileg á heimasíðu leikskólans.
- Leikskólastýra er faglegur leiðtogi.
- Skýrt verklag er um handleiðslu nýliða.
- Verið er að þróa nýjar leiðir í viðtölum við starfsfólk.
- Allt starfsfólk fær undirbúningstíma.
- Unnin hefur verið læsisstefna fyrir leikskólann.
- Leikskólinn hefur sett sér öryggis- og viðbragðsáætlun, verklag um skráningu slysa, rýmingaráætlun, símenntunaráætlun og áætlun um upphaf leikskólagöngu barna.
- Starfsandi og skólabragur er góður.
- Starfsfólk hefur metnað fyrir leikskólann, trú á stefnunni og er stolt af starfi sínu.
- Traust og gagnkvæm virðing er á milli starfsfólks og því líður vel í vinnunni.
- Aðgengi foreldra að leikskólastýru og kennurum er gott sem og samskipti við þau.
- Mikil ánægja er með upplýsingastreymi.
- Hugmyndafræði Hjallastefnunnar er sýnileg í umhverfinu og í öllu daglegu starfi skólans.
- Unnið er með alla grunnþætti menntunar og námskrá aðalnámskrár.
- Starfsfólk er öruggt í starfi og þekkir sitt hlutverk.
- Starfsfólk leggur sig fram um að eiga jákvæð og uppbyggileg samskipti við börnin.
- Börnin eru glöð og líður vel í leikskólanum.

- Fjölbreyttur efniviður er notaður til sköpunar.
- Skákkennsla er í leikskólanum og hafa börnin keppt innanlands sem erlendis með góðum árangri.
- Mikið er lagt upp úr góðu samstafi við foreldra.
- Foreldrar fá mikla fræðslu og reglulega er sendur tölvupóstur með örnámskeiðum og fræðslu sem varðar uppeldi barna.
- Starfsfólk leitast við að koma til móts við foreldra hvað þjónustu varðar, samanber áskrift að bleyjum vettlingum og ullarsokkum.
- Foreldrar nýrra barna fá afhentan upplýsingabækling um leikskólann og er hann einnig á heimasíðu.
- Starfsfólk leggur sig fram um að koma upplýsingum til foreldra með fjölbreyttum leiðum.
- Viðhorf foreldra til leikskólans er mjög gott og segjast öruggir með börnin í skólanum og telja að þeim líði vel.
- Áhersla er lögð á vettvangsferðir og að nýta garða, söfn og opin svæði í miðborginni.
- Sérkennslustjóri starfar við leikskólann.
- Aðgengi að sérfræðingum á vegum þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða er gott.
- Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir börn sem njóta sérkennslu.
- Lögð er áhersla á að stuðningur fari sem mest fram í daglegu starfi.
- Góð aðstaða er til sérkennslu.
- Til er móttökuáætlun fyrir börn með annað móðurmál en íslensku.
- Innra mat er kerfisbundið og samofið daglegu leikskólastarfi.
- Framkvæmd matsins er samstarfsverkefni starfsfólks.
- Brugðist er við niðurstöðum úr mati, sem gefa til kynna að umbóta sé þörf.
- Viðhorfskannanir meðal starfsfólks og foreldra eru gerðar reglulega og nýttar í innra mat.
- Fjallað er um niðurstöður innra mats og áætlun um umbætur í starfsáætlun.
- Reglulega kemur matsaðili frá Hjallastefnunni og metur skólastarfið.

Tækifæri til umbóta

- Leita þarf leiða til að fjölga kennaramenntuðu starfsfólki.
- Leita þarf leiða til að fjölga kennaramenntuðu starfsfólki.
- Setja þarf upp læst munahólf fyrir starfsfólk.
- Komið er að viðhaldi á húsinu, málningu innanhúss og múrviðgerðum að utan.
- Bæta þarf lýsingu á leikskólalóð.
- Finna þarf leiðir til að bæta umferðaröryggi í kring um leikskólann.
- Taka þarf upp umræðu um einkunnarorð leikskólans svo allir séu meðvitaðir um þau og gera þau sýnilegri í leikskólanum.
- Æskilegt er að fram fari umræða um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og virkni hans í starfi leikskólans.

- Endurskoða þarf skólanámskrá í samræmi við Aðalnámskrá leikskóla frá 2011 með aðkomu starfsfólks, barna og foreldra.
- Við gerð næstu starfsáætlunar þarf að huga að aðkomu barna og foreldra.
- Gera skal áfallaáætlun og skipa áfallateymi.
- Bæta þarf samskipti við Skóla- og frístundasvið hvað varðar skil á starfsáætlun og öðrum upplýsingum sem óskað er eftir.
- Skoða ætti lýðræðislega þátttöku barnanna í leikskólanum.
- Leita ætti leiða til að auka fjölbreytni í mati á þroska barna svo sem með viðurkenndum matslistum.
- Leita leiða til að gefa börnum tækifæri til að meta nám sitt og setja sér markmið.
- Æskilegt er að fram fari umræða meðal starfsfólks um framkvæmd matmálstíma, sjálfstæðis og sjálfræðis barnanna, markmið og leiðir.
- Áfram ætti að leita leiða til að virkja foreldra til þátttöku í foreldraráði og kjósa með lýðræðislegum hætti.
- Samkvæmt lögum um leikskóla skal foreldraráð vinna starfsáætlun, kynna foreldraráð og birta upplýsingar á heimasíðu leikskólans.
- Foreldraráð ætti að funda reglulega, boða fundi ráðsins með fyrir fram gerðri dagskrá, skrá fundargerðir og birta á heimasíðu leikskólans.
- Æskilegt er að fylgja eftir áætlun um samstarf við grunnskóla.
- Móta þarf formlegt ferli um hvaða upplýsingar fylgja börnunum á milli skólastiga.
- Æskilegt er að hafa hagnýtar upplýsingar um leikskólann á heimsíðu á fleiri tungumálum.
- Uppfæra þarf heimasíðu leikskólans reglulega.
- Verkferlar ættu að vera skriflegir og öllum aðgengilegir svo sem á heimasíðu leikskólans ef upp kemur grunur um þroskafrávik hjá barni.
- Æskilegt er að fulltrúi leikskólans mæti á fræðslufundi um fjölmeningu hjá Skóla- og frístundasviði.
- Í skólanámskrá skal fjalla um markmið leikskólans og hvernig þau eru metin.
- Einnig skal skilgreina viðmið um árangur sem stefnt er að.
- Allir hagsmunahópar ættu að koma að því að ákveða áherslur og skipulag innra mats til dæmis með stofnun matsteymis sem í sitja stjórnendur, starfsfólk og foreldrar eða með aðkomu foreldraráðs.
- Tryggja ætti að raddir barna heyrist í mati á leikskólastarfinu.
- Birta skal greinargerð um niðurstöður innra mats á heimasíðu leikskólans þar sem fram koma upplýsingar um gagnaöflun, að hve miklu leyti markmið hafa náðst, niðurstöður og greining á styrkleikum og tækifærum til úrbóta.
- Gera skal umbótaáætlun út frá helstu tækifærum til umbóta þar sem meðal annars kemur fram til hvaða aðgerða eigi að grípa og hvenær, hvernig endurmatið eigi að fara fram og hver beri ábyrgð á að hrinda því í framkvæmd.

Lokaorð

Ytra mat með vettvangsathugunum, viðtölum og greiningu gagna í Leikskólanum Laufásborg leiðir í ljós að þar fer fram gott og metnaðarfullt leikskólastarf. Almenn ánægja og sátt er meðal foreldra og starfsfólks um stefnu, stjórnun og starfsemi leikskólans og birtist stefnan vel í starfinu. Mikill stöðugleiki er í starfsmannahaldi. Traust, virðing og gleði einkennir skólabraginn, starfsfólki líður vel í starfi og telur sig vera metið að verðleikum. Umhyggja og virðing einkennir samskipti starfsfólks við börnin. Foreldrar telja að börnunum líði vel í leikskólanum og að þeim sé mætt af kærleika. Komið er að endurskoðun á skólanámskrá og við þá vinnu þarf að huga að aðkomu allra í leikskólasamfélaginu og samræmi við aðalnámskrá leikskóla frá 2011. Mynda ætti teymi um innra mat leikskólans þar sem í sitja stjórnendur, starfsfólk og foreldrar. Afla ætti gagna með fjölbreyttum hætti og tryggja að raddir barna heyrist í leikskólastarfinu. Áfram ætti að leita leiða til að fá foreldra til þátttöku í foreldraráði og kjósa með lýðræðislegum hætti. Foreldraráð þarf að gera sér verklagsreglur, skrá fundargerðir og hafa þær aðgengilegar svo sem á heimasíðu leikskólans.

Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla 2011. Sótt á vef febrúar 2022

Slóðin er: <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-leikskola/>

Heimasíða Laufásborgar: <https://laufasborg.hjalli.is/>

Leikskóladagatal 2021–2022:

<https://laufasborg.hjalli.is/Starfsaetlun-og-fylgiskjol-2021-2022>

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 95/2019.

Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009

Skólanámskrá Laufásborgar: <https://laufasborg.hjalli.is/lauf%C3%A1sborg/sk%C3%B3lan%C3%A1mskr%C3%A1%20lauf%C3%A1sborgar.pdf>

Starfsáætlun Laufásborgar 2021–2022:

laufasborg.hjalli.is/laufasborg/skjöl%20á%20vef/starfsáætlun%202021-2022/starfsáætlun%20laufasborgar%202021-2022.pdf

Viðtöl:

Símtal við framkvæmdastjóra Hjallastefnunar.

Tölvupóstsamskipti við fagskrifstofu leikskólamála Skóla- og frístundasviðs.

Viðtal við leikskólastjóra.

Viðtal við rýnihóp barna.

Viðtal við rýnihóp foreldra.

Viðtal við rýnihóp kennara með leyfisbréf.

Viðtal við sérkennslustjóra.

Viðtal við rýnihóp starfsmanna.

